

stendur fyrir eða tekur þátt í með öðrum menningarstofnunum staðarins.

Björn Lindwall frá Svíþjóð sagði að þrátt fyrir alla tæknivæðingu væri markmið almenningsbókasafna fyrst og fremst það að fá fólk til að koma á bókasafnið og lesa bækur, og til þess þyrfti stundum að beita öllum tiltækum ráðum. Þetta yrði best gert með því að taka vel á móti fólk og bjóða upp á eitthvað skemmtilegt og áhugavert þannig að það kæmi ekki bara einu sinni heldur aftur og aftur. Þjónustulundin og viðmótið sem safngestir mæta á bókasafninu skipti öllu máli. Starfsfólk safnanna verði að vera jákvætt og tilbúið til að þjóna.

Eftir fyrirlestra PR-hópsins og að loknum hádegisverði flutti Kristinn T. Gunnarsson stjórnendaráðgjafi hjá IMG Deloitte fyrirlestur um árangursstjórnun og helstu eiginleika stjórnandans og hlutverk. Hann ræddi meðal annars hvernig hægt er fá stofnun sem farin er að dala til þess að blómstra aftur. Hann lagði áherslu á nauðsyn þess að hæfileikar hvers og eins starfsmanns fái að njóta sín en jafnframt sé nauðsynlegt að virkja starfsmenn til að vinna saman sem eina heild. Milli stjórnenda og starfsfólks þarf ættið að ríkja traust og gagnkvæm virðing. Kristinn lagði próf fyrir fundargesti þar sem hver og einn forstöðumaður gat lagt mat á veikleika og styrkleika sína sem stjórnandi. Þátttakendum bar saman um að erindi Kristins hefði veri bæði fróðlegt og skemmtilegt og einhverjir höfðu á orði að það væri alltaf hollt að fara í naflaskoðun öðru hverju.

Föstudaginn 20. maí var fundi framhaldið með málstofu um fjölmenningu og þjónustu almenningsbókasafna við nýbúa. Anna Torfadóttir, borgarbókavörður og talsmaður starfshóps um þjónustu almenningsbókasafna við innflytjendur kynnti tillögur hópsins um þjónustu við nýbúa. Elsa Arnardóttir, forstöðumaður Fjölmenningsarsets Vestfjarða kynnti rannsókn sem unnin hefur verið fyrir Fjölmenningsarsetrið um viðhorf innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi. Þorbjörg Karlsdóttir, barnabókavörður sagði frá barnastarfi og barnamenningu í Borgarbókasafni. Gunnhildur Kristjánsdóttir kynnti starfsemi sem Héraðsbókasafn Rangæringa hefur boðið nýbúum upp á og nefnist „Viltu læra Íslensku?“ og Jóhann Hinriksson sagði frá

uppbryggingu bókakosts fyrir nýbúa í Bæjar- og héraðsbókasafninu á Ísafirði.

Eftir að formlegri dagskrá vorfundar lauk og fundi hafði verið slitið var haldið á tælenska veitingastaðinn Thai Koon. Eftir að hafa snætt girmilega tælenska rétti var haldið af stað í óvissuferð og meðal annars farið til Bolungarvíkur og komið við í Ósvör þar sem Geir Guðmundsson safnvörður tók á móti hópnum en Ósvör er endurgerð verstöð frá árabátatímanum. Eftir fræðslustund hjá Geir var Náttúrustofa Vestfjarða heimsótt en þar var tekið á móti hópnum með kaffi og vestfirskum kringlum.

Þegar svo hópurinn hélt af stað heimleiðis var ekki annað að heyra á máli þátttakenda en þeir væru haestánægðir með fundarsetuna og dvölinu á Ísafirði. Þeir luku allir miklu lofsorði á höfðinglegar móttökur og sögðust meðal annars seint gleyma plokkfiskinum og öðrum þeim gómsætu fiskréttum sem bornir voru fram og runnu svo ljúflega niður í Tjöruhúsini í Neðstakaupstað.

*Oddny H. Björgvinsdóttir*

## Frá Landskerfi bókasafna

Eitt helsta verkefni Landskerfis bókasafna síðustu vikurnar hefur verið að vinna að uppfærslu Gegnis í útgáfu 16. Nú er vefviðmóti nýju útgáfunnar að mestu tilbúið en biðlarinn verður þyddur í júlí. Stefnt er að því að útgáfan verði tilbúin um næstu áramót. Jafnframt þessu stendur yfir undirbúningsvinna vegna vefleitarkerfis sem á að leita í mörgum rafrænum gagnaveitum samtímis. Höfum við hingað til horft til þess að taka MetaLib, vefleitarkerfi frá Ex Libris, í notkun en nú er sú ráðagerð í endurskoðun. Þá er unnið að því að fjölgasöfnum í kerfinu enda næst með því hagkvæmni sem á endanum hlýtur að koma öllum söfnum og safnnotendum til góða. Nýlega hafa bókasöfnin á Hólmavík og Tálknafirði tekið Gegni í notkun og er þátttaka sveitarfélaga í landskerfinu almennt feikigóð. Söfnin tvö fyrir vestan hafa tekið kerfið í notkun án þess að flytja með sér bókfræðifærslur úr eldra tölvukerfi.

Nokkur söfn vilja á hinn böginn aðeins tengjast Gegni að því gefnu að hægt sé að

flytja bókfræðifærslur þeirra með vélrænum hætti. Í þessum hópi eru einkum framhaldsskólasöfn og sérfræðisöfn. Reynolds hefur sýnt að slíkir gagnaflutningar eru flóknir og tafsamir enda má ekki spilla þeim gögnum sem fyrir eru í kerfinu. Gerð hefur verið prufa sem á að leiða í ljós hvort ráðlegt geti talist að flytja frekari bókfræðigögnum í kerfið með vélrænum hætti og verður leitað álits skráningarráðs Gegnis á því efni.

Meðal annarra verkefna, sem við vinnum að nú, er að bæta innheimtuferli bókasafna í samvinnu við innheimtubjónustufyrirtæki og fulltrúa safnanna. Verða upplýsingar þá dregnar út úr Gegni og afhentar söfnunum til gátunar og þaðan fara þær í vinnslu hjá innheimtuaðila. Vonandi verður þetta verkefni til þess að bæta nýtingu á safngögnum þáttökusafnanna og bætir þá ef til vill fjárhag þeirra í leiðinni.

Í haust gerum við ráð fyrir að taka við nemendaskrám frá nokkrum skólum og færa með rafrænum hætti í lánþegaskrá kerfisins sem leiða mun til verulegs vinnusparnaðar á söfnunum. Höfum við þróað hugbúnað sem framkvæmir þetta og verður hann prófaður í sumar.

Þann 17. maí var haldinn aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. fyrir árið 2005. Rekstrarafkoma fyrirtækisins var neikvæð um 0,7 milljónir króna en eiginfjárstaða þess er góð. Fyrirtækið safnar í sjóð til að mæta kostnaði vegna síðari fjárfestinga á þessu sviði enda kemur að því að kaupa þurfi miðlægt bókasafnskerfi á nýjan leik.

Að lokum má geta þess að stjórn Landskerfis bókasafna hefur nokkuð rætt hvort ástæða sé til að breyta rekstrarformi Gegnis. Verði farið í slíkar breytingar er brýnt að tryggja að notendur eigi áfram greiðan aðgang að kerfinu og þeirri sérfræðibjónustu sem það byggist á. Sú hugmynd að reka miðlægt bókasafnskerfi á Íslandi hefur að mínum dómi sannað ágæti sitt. Nú skiptir miklu að þjóðin haldi áfram að sækja af fullum þunga á mið rafrænna upplýsinga og blási ekki til undanhalds.

Árni Sigurjónsson  
Landskerfi bókasafna



## Aðalfundur Aleflis 2005

Aðalfundur – ársfundur fulltrúaráðs Aleflis – notendafélags Gegnis var haldinn í Bókasafni Kópavogs þann 24. maí 2005. Fundinn sátu, í samræmi við lög Aleflis, fulltrúar allra stjórnunareininga í Gegni: Pálína Magnúsdóttir (almenningsbókasöfn og framhaldsskólasöfn á höfuðborgarsvæðinu), Laufey Eiríksdóttir (Austurland), Jón Sævar Baldvinsson (fyrirtæki, stofnanir og félög), Margrét Björnsdóttir (grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu), Guðrún Þórðardóttir (staðgengill Steinunnar Ingólfssdóttur) (háskólasöfn), Þórhildur S. Sigurðardóttir (Kennaraháskóli Íslands), Bryndís Ingvarsdóttir (Landsbókasafn Íslands–Háskólabókasafn), Astrid M. Magnúsdóttir (Norðurland), Anna Sveinsdóttir (sérfræðisöfn), Magnea Davíðsdóttir (staðgengill Halldóru Kristbergsdóttur) (stjórn-sýslusöfn), Guðný Svavarsdóttir (Suðurland og Reykjanes), Halldóra Jónsdóttir (Vesturland og Vestfirðir) og Þóra Sigurbjörnsdóttir formaður skráningarráðs.

**Skýrslu stjórnar** flutti Astrid M. Magnúsdóttir: Stjórnin hélt tíu stjórnarfundi á árinu og að auki two fundi með stjórn Aleflis, fulltrúum Landskerfis bókasafna hf. og skráningarráði Gegnis. Lögð hefur verið áhersla á að bæta samskiptaleiðir og upplýsingaflæði á milli þessara aðila og er stefnt að því að halda slíka samráðsfundi a.m.k. tvisvar sinnum á ári til að ræða mál sem eru í deiglunni hverju sinni. Stjórn Aleflis fylgist einnig með starfsemi skráningarráðs með því að vera á póstlista ráðsins og fær sendar dagskrár funda ráðsins.

Bréf var sent stjórn Landskerfis bókasafna hf. þar sem mótmælt var að mánaðarlókun á skráningaráði Gegnis var tilkynnt með aðeins dags fyrirvara og að stjórn Aleflis var ekki tilkynnt um málið. Óskað var eftir fundi með fulltrúum Landskerfis bókasafna og skráningarráði Gegnis til að ræða þessi mál, koma á virkari samskiptaleiðum og ræða forgangsröðun óunninna verkefna. Sá fundur var haldinn í júní 2004.

Umboð fulltrúa í skráningarráði Gegnis var endurnýjað. Tveir fulltrúar hættu í ráðinu á starfsárinu og voru tveir nýir tilnefndir í þeirra stað. Erindisbréf skráningarráðs var uppfært.